



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2022

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (skerðingarlaus atvinnuþátttaka öryrkja), 38. mál.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur m.a. í sér rétt fatlaðs fólks til að hafa tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt.

Í tölum frá Tryggingastofnun (TR) fyrir september 2021 kemur fram að tæp 29% öryrkja er með einhverjar atvinnutekjur. Mun stærri hópur hefur hins vegar löngun og getu til vera á vinnumarkaði. Í könnun Vörðu rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins sem kynnt var 13. september 2021 kemur fram að ýmsar hindranir standa í vegi fyrir atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Skerðingar örorkulífeyris vegna atvinnutekna og ótti við kröfur hjá TR eru nefndar sem meginástæður þess að svarendur eru utan vinnumarkaðar.¹ Síðan 2009 hafa tekjutengingar í almannatryggingakerfinu aukist og frítekjumark vegna atvinnutekna öryrkja verið óbreytt. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega. Ef frítekjumark vegna atvinnutekna hefði hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009, væri það tæp 257.000 kr. á mánuði í stað 109.600 kr. í byrjun árs 2022.

Í frumvarpinu er lagt til að heimila örorkulífeyrisþegum að afla sér atvinnutekna í tvö ár án þess að þær skerði tilgreinda fjóra greiðsluflokka, sem samanlagt eru meginuppstaða lífeyrisgreiðslna frá TR til örorkulífeyrisþega. ÖBÍ fagnar þessu frumvarpi og telur að það sé jákvætt og mikilvægt skref í átt að því að fjarlægja ósanngjarnar tekjutengingar í almannatryggingakerfinu og gera fötluðu fólki kleift að njóta fjárhagslegs ávinnings af atvinnuþátttöku sinni. Því ber þó að halda til haga að lausnir á þeim vanda sem snýr að tekjuskerðingum vegna atvinnutekna öryrkja þurfa að vera almennar og ná til lengri tíma en 2ja ára í senn á 10 ára tímabili. Því er lagt til að samhliða ákvæði um tilraun til starfa verði frítekjumark vegna atvinnutekna (1.315.200 kr. á ári) hækkað í samræmi við hækkun launavísitölu frá árinu 2009 og uppfært árlega. Á meðan frítekjumarkið stendur í stað og laun á vinnumarkaði hækka, skila launahækkanir sér ekki til örorkulífeyrisþega.

¹ https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8b748aca6c0549919a4ff96db123f1b7.pdf

Aðgengi fatlaðs fólks að vinnumarkaði þyrfti að bæta verulega samhliða því að draga úr tekjuskerðingum vegna atvinnutekna. Til að tryggja atvinnuþátttöku allra, á grundvelli jafnræðis þarf samfélagið allt að vinna að breytingum, þar með hinn opinber- og almenni vinnumarkaður. Stjórnvöld hafa þá skyldu að vinna að inngildum vinnumarkaði fyrir alla (*e. inclusive employment market*). Aðgerðir þurfa að fylgja sem gera fötluðu fólki betur kleift að fá atvinnu við hæfi og vera á vinnumarkaði án þess að bera kostnað af atvinnuþátttöku sinni og geta aukið ráðstöfunartekjur sínar með vinnuframlagi sínu.

Í núverandi kerfi gríðarlegra tekjuskerðinga fá öryrkjar kröfu hjá TR ef þeir hefja störf á öðrum tíma ársins en í byrjun árs og ná því ekki að tilkynna um atvinnutekjurnar í tekjuáætlun í upphafi árs. Slíkt fyrirkomulag er fyrir marga mjög kvíðavekjandi og letur fólk til atvinnuþátttöku. Dæmi um slíkt má finna í grein sem meðlimur í málefnaþópi ÖBÍ um kjaramál birti í Morgunblaðinu 19. febrúar sl. undir yfirskriftinni: *Það sem hún Anna er heppin...*

Núverandi tekjuskerðingar í almannatryggingakerfinu gera örorkulífeyrisþegum mjög erfitt að bæta fjárhagsstöðu sína, m.a. með atvinnutekjum. Þær halda fólki í fátækt og á jaðri samfélagsins. Fólk sem er jaðarsett hefur minni möguleika til samfélagsþátttöku og þar af leiðandi á lífi til jafns við aðra. Það að halda fólki í fátækt er pólitískt val.

Ekkert um okkur án okkar!

Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ

Sigríður Hanna Ingólfssdóttir,
félagsráðgjafi ÖBÍ

